

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-11/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, f.h. Y um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A af B. Álitsbeiðandi segir að bifreiðinni hafi ekki fylgt hlutir sem henni hafi átt að fylgja samkvæmt kaupsamningi og auglýsingu og óskar eftir að fá þá afhenta eða kaupverðið lækkað.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 2. febrúar, óskaði kæruneftndin upplýsingum frá álitsbeiðanda og bárust þær 3. febrúar. Kæruneftndin gaf B kost á andsvörum með bréfi, dags. 4. febrúar, og frest til að skila þeim til 15. febrúar. Að ósk fyrirtækisins var sá frestur framlengdur til 19. febrúar. Andsvörin bárust 17. febrúar. Með bréfi, dags. 23. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 3. mars. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 8. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 16. nóvember 2009, keypti Y. bifreiðina A. Kemur þar fram að fylgihlutir séu: varahjól, lyftari og felgulykill sem sé fast fylgifé með bifreið. Z annaðist söluna og í auglýsingu segir að bakkmyndavél sé í bifreiðinni. Álitsbeiðandi segir bakkmyndavél ekki vera í bifreiðinni og ekki varahjól, lyftara eða felgulykill. Álitsbeiðandi kveðst hafa gert athugasemdir vegna þessa við bílasöluna sem hafi ætlað að athuga málið. Ekkert hafi komið frá bílasölnunni þrátt fyrir eftirgrennslan. Eins og fyrr greinir óskar álitsbeiðandi eftir því að fá framangreinda hluti afhenta eða kaupverð bifreiðarinnar lækkað.

### IV

#### Andsvör seljanda og athugasemdir álitsbeiðanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ásett kaupverð bifreiðarinnar nam kr. 5.400.000,- án virðisaukaskatts eða kr. 6.723.000 með virðisaukaskatti. Samkvæmt upplýsingum bifreiðasölnunnar lá fyrir við söluna að umrædda fylgihluti vantaði þ.e. varahjól, lyftara og felgulykil ásamt bakkmyndavél og fjarstýringu fyrir lyftu. Að sögn Z tók söluverð bifreiðarinnar mið af þessu í samningum aðila. Vitað var að varadekkið væri hjá fyrrum umráðamanni bifreiðarinnar og mun kaupandinn hafa rætt við sem bauð honum dekkið til sölu.

Ljóst er að kaupin fóru alfarið fram á starfsstöð bílasölnunnar, umtalsverð samskipti munu hafa átt sér stað á milli kaupandans og bílasalans annars vegar og svo hins vegar kaupandans og fyrrum umráðamanns vegna þeirra atriða sem að beiðni X lýtur að. Ekki

kemur fram í skoðunarskýrslu Frumherja ehf., um ástand og verðmat bifreiðarinnar að viðkomandi fylgihluti hafi vantað.

B getur ekki borið ábyrgð á ofangreindum samskiptum en athyglisvert er að afrit beiðninnar er ekki sent forráðamanni Z, sem starfar samkvæmt sérstakri löggildingu bifreiðasala og gæti varpað skýrari ljósi á málsatvik að öðru leyti. Ljóst er að kaupandi bifreiðarinnar var sömu skoðunar þegar hann leggur fram beiðni til Kæruneftndar þann 01. febrúar sl., sem sendir honum svar um hæl þann 02. febrúar með tilvísun til laga um neytendakaup nr. 48/2003. Að fenginni þeirri ábendingu beinir hann beiðninni að B.

Allt að einu er ljóst að á hinum forprentaða kaupsamningi bifreiðasölnunnar um ofangreinda bifreið er stöðluð klásúla um fylgihluti. Ljóst er að starfsmaður B undirritaði umrædda klásúlu án vitundar um samskipti seljandans við bifreiðasölnuna og er því bundinn af undirritun sinni hvað þetta varðar. Hvað varðar myndavélina er þeirri kröfu hafnað með sömu rökum, enda nokkuð augljóst ef slíkan fylgihlut vantar við lágmarks rannsókn kaupanda á hinu selda.“

## V

### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kaupandi er hlutafélag og fellur því ágreiningur aðila undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Álitsbeiðni í þessu máli verður að skilja svo að álitsbeiðandi telji að þeir gallar hafi verið á söluhlutum, þ.e. bifreiðinni, að honum hafi ekki fylgt varahjól, lyftari (tjakkur) og felgulykill eins og í kaupsamningi standi og að ekki sé bakkmyndavél í bifreiðinni eins og komi fram í auglýsingu (söluþyflriti) bílasölnunnar Z. Rétt er að taka fram að á auglýsingu þessa er skráð eftirfarandi: „Engin ábyrgð er veitt á áreiðanleika upplýsinga á þessu spjaldi. Vakin er athygli á skoðunarskýldu kaupanda.“

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni segir að ökutækið sé „selt í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Samkvæmt því gilda 19.-21. gr. laga nr. 50/2000 um viðskipti aðila. Í 19.-20. gr. segir m.a. eftirfarandi:

**19. gr.** *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

**20. gr.** *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir

þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni stendur að varahjól, lyftari og felgulykill sé fast fylgifé með bifreið. Seljanda bar því að tryggja að álitsbeiðandi fengi þessa hluti í hendur. Það er álit kærunefndarinnar, enda þótt þessir hlutir kunni ekki að hafa verið til staðar þegar kaupin voru gerð, að seljandi sé engu að síður bundinn af þessu sammingsákvæði þar sem hvergi er að sjá að hann hafi gert nægjanlega fyrirvara um að hlutirnir fylgdu ekki, s.s. eins og að geta þess sérstaklega í kaupsamningi og afsali. Mátti álitsbeiðandi búast við því að fá þessa hluti afhenta við kaupin eða þá síðar nema hann afsalaði sér sérstaklega rétti til þess. Það er því álit kærunefndarinnar að bifreiðin hafi verið haldin galla að þessu leyti í skilningi 19. gr. laga nr. 50/2000 og úr honum sé seljanda skylt að bæta með því að afhenda álitsbeiðanda framangreinda hluti eða sambærilega. Að öðrum kosti ber seljanda að greiða álitsbeiðanda fjárhæð sem svarar kaupverði þeirra.

Að því er varðar svokallaða bakkmyndavél verður að líta til þess að á kaupanda hvílir ákveðin skylda til þess að skoða söluhlut fyrir kaup, sbr. ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000 sem rakin eru að framan. Gera verður ráð fyrir því að álitsbeiðandi hafi reynsluekið bifreiðinni eða látið reynsluaka henni en hafi svo ekki verið verður að álíta að hann hafi ekki sinnt lögbundinni skoðunarskyldu sinni. Álitsbeiðandi virðist að því er varðar bakkmyndavélina byggja kröfu sína á því að auglýst hafi verið að slíkt tæki væri í bifreiðinni. Við slíkan reynsluakstur, hafi verið farið í hann á annað borð, hefði örugglega komið í ljós að bakkmyndavél var ekki í bifreiðinni. Það er því álit kærunefndarinnar eins og málum er háttað að álitsbeiðandi geti ekki gert kröfu á hendur seljanda vegna bakkmyndavélarinnar.

## VI Álitsorð

Seljanda, B, er skylt að afhenda álitsbeiðanda, Y, varahjól, lyftara og felgulykil með bifreiðinni A eða greiða honum að öðrum kosti fjárhæð sem svarar kaupverði þessara hluta.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir